



ÁRSPING SSNE

Ársping SSNE var haldið rafrænt 16. og 17. apríl sl. Á þinginu voru m.a. samþykktar breytingar á samþykktum varðandi tímasetningu haustþings og starfsáætlunar. Einnig samþykkti þingið endurskoðaða Sóknaráætlun Norðurlands eystra, starfsreglur fagráða og úthlutunarnefndar og skipan stjórnar í undirnefnd umhverfismála. Fundargerð ársþingsins hefur verið birt á heimasíðu SSNE og í henni má einnig nálgast hljóðupptökur með frekari umræðum.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og 1. þingmaður NA-kjördæmis, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga ávörpuðu þingið.

Ýmis áhugaverð málefni voru kynnt á þinginu:

- Guðmundur Haukur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vistorku og formaður undirnefndar umhverfismála, kynnti verkefni nýskipaðrar umhverfisnefndar.
- Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, kynnti og opnaði fyrir umræður um skipulagsmál og stefnumótun og að kynningu lokinni var þingfulltrúum skipt í hópa þar sem kostir og gallar sameiginlegs svæðisskipulags voru ræddir.
- Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Ferðaklasans, kynnti klasastefnu fyrir Ísland.
- Arnheiður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, kynnti Áfangastaðastofu Norðurlands.
- Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar, kynnti atvinnustefnu Dalvíkurbyggðar og opnaði fyrir umræður um sameiginlega atvinnustefnu fyrir landshlutann.
- Helgi Héðinsson, oddviti Skútustaðahrepps, kynnti vinnu við sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjar-sveitar.
- Gunnar Gíslason, bæjarfulltrúi á Akureyri, kynnti vinnu við endurskoðun á fjölmenningsarstefnu Eyþings.
- Guðmundur Baldvin Guðmundsson, bæjarfulltrúi á Akureyri, opnaði fyrir umræður um jöfnun atkvæðavægis og rakti tildrög hennar.

Tvær mikilvægar ályktanir samþykktar

Um búsetu fulltrúa í stjórnnum, ráðum, nefndum og starfshópum á vegum ríkisins

a) Ársping Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra leggur til að í nýrri byggðaaætlun verði aðgerð sem feli í sér að almennt sé gert ráð fyrir því að, að minnsta kosti, þriðjungur einstaklinga sem tilnefndir eru í stjórnir, ráð, nefndir og starfshópa á vegum ríkisins séu búsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Þá skorar ársping á fyrirtæki og félagasamtök sem starfa á landsvísi að horfa til sömu meginreglu.

Um stofnun ungmennaráðs og fjölmenningsaráðs

b) Ársping SSNE 2021 samþykkir að stjórn SSNE skoði möguleika þess að sækja í auknum mæli skoðanir og hagsmuni ungs fólks og fólks af erlendum uppruna t.d. með stofnun ungmennaráðs og fjölmenningsaráðs sem skipuð yrðu annars vegar ungu fólki og hins vegar fólki af erlendum uppruna.



VILTU HAFA ÁHRIF Á MÓTUN SÓKNARÁÆTLUNAR?

SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRÁ

SSNE óskar eftir fulltrúum í samráðsvettvang vegna Sóknaráætlunar Norðurlands eystra.

Samráðsvettvangurinn skal hafa beina aðkomu að gerð og endurskoðun sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar a.m.k. árlega. Afar mikilvægt er að heyra raddir sem flestra og hvetjum við því ungt fólk og fólk af ólíkum uppruna sérstaklega til að gefa kost á sér.

Sóknaráætlun Norðurlands eystra er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Helstu málaflokkar sóknaráætlunar eru atvinnuþróun og nýsköpun, menningar- og umhverfismál. Fjármagn, sem varið er til verkefna í þessum málaflokkum, tekur mið af áherslum sóknaráætlunar hverju sinni.

ÞÚ FINNUR ALLT UM UPPBYGGINGARSJÓÐINN, SÓKNARÁÆTLUN OG ÁHERSLUVERKEFNI Á SSNE.IS

Hér getur þú gefið kost á þér í samráðsvettvanginn

VIÐTAL VIÐ STYRKÞEGA UPPBYGGINGARSJÓÐS

Elín Kristbjörg Sigurðardóttir, býr á Húsavík og rekur hárgreiðslustofu þar í bæ. Hugmyndin um að hefja rekstur kaffihúss í heimabænum segir Elín vera margra ára gamlan draum sem nú er að verða að veruleika. Starfsmaður SSNE ræddi við Elínu á dögnum og fékk að vita meira um málin.

H É R N A - staðbundin matvara, hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði 2020 en verkefnið leggur áherslu á sjálfbærni, vinnslu og nýtingu úr staðbundnu hráefni úr héraði, ásamt atvinnusköpun.


„Ég vissi að maður gat leitað til það sem var Atvinnuþróunarfélagið en það var eitthvað sem maður fór aldrei í að gera. Svo sá ég að það var verið að auglýsa styrki úr Uppbyggingarsjóði og við ákváðum að prófa að sækja um. Þá fórum við að setja hugmyndina meira niður á blað, gera viðskiptaáætlun og fleira. Ráðgjafi hjá SSNE hjálpaði okkur töluvert að fylla þetta út og hvatti okkur áfram. Þegar við fengum styrkinn var það spark í rassinn til að koma okkur af stað og láta ekki hugmyndina renna út í sandinn. Mér hefði vaxið þetta í augum að gera þetta ein og það var gott að hafa aðgang að ráðgjafa“, segir Elín. Með Elínu í þessu verkefni er Olga Hrunð Hreiðarsdóttir en þær eru mágkonur.

Rekstur kaffihússins verður í sama húsnæði og hárgreiðslustofa Elínar. „Húsnæðið er ekkert svakalega stórt, en það mun bjóða upp á um það bil 20 sæti innandyrna, en útisvæðið er stórt, snýr í suður og maður sleikir bara sólina þar á sumrin“, segir Elín. „Við viljum bjóða heima- og ferðamönnum upp á hollt hráefni og horfum til Hveravallar í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem er ræktað grænmeti sem hentar vel fyrir okkar sýn og við leggjum áherslu á að nota grænmeti hér úr héraðinu en hugmyndin er að hafa þemað létt, ferskt og einfalt með spænsku og ítölsku ívafi.

„Viðbrögð við verkefninu hafa verið mjög góð, en ég hitti marga í vinnunni minni á hárgreiðslustofunni og forvitin leynir sér ekki“. Elín segir um að eftirspurn sé orðin allt önnur í dag en fyrir áratug síðan og talar um að allir hafi þörf fyrir að hittast á kaffihúsi í dag, sérstaklega eftir Covid og segir jafnframt að þær ætli ekki bara að fleyta rjómann yfir sumarið. „Við teljum að það sé svigrúm fyrir heilsársöfnun og höfum bjartsýnina að leiðarljósi að fólk taki vel í það“. Aðspurð segir Elín að þær sjá fyrir sér að geta verið með tvö til fjögur störf yfir sumarið sem þær geta ráðið í.

„Við erum byrjaðar í framkvæmdum og breytingum og vonumst til að opna þegar líður á vor eða byrjun sumars. Við stefnum líka á að vera með Gallerí vegg, þar sem við getum boðið listafólki að hafa myndlista- eða ljósmyndasýningar á kaffihúsinu“. Að sögn Elínar stefna þær á að gera eigin vörulínu og nýta hráefnin sem þær myndu fyrst og fremst nota sjálfar í eigin rekstri, en svo mögulega selt, en sú hugmynd er enn á frumstigi. „Fyrst og fremst horfum við til einfaldleika og hámarksnýtingu á hráefnum. Við erum í startholum með kynningarstarf en ætlum að vera áberandi á samfélagsmiðlum, með Facebook og Instagram“.

Við óskum Elínu og Olgu góðs gengis með framhaldið en hægt er að fylgjast með verkefninu á instagram síðu þeirra [@hernahusavik](#).



h é r n a
— HÚSAVÍK —

ÚTHLUTUN ÚR NÝSKÖPUNARSJÓÐI NÁMSMANNA



Úthlutað hefur verið úr nýsköpunarsjóði námsmanna til rannsóknar- og þróunarverkefna fyrir sumarið 2021. Að þessu sinni hafði sjóðurinn um 311 milljónir króna til úthlutunar og hlutu alls 206 verkefni styrk (árangurshlutfall miðað við fjölda umsókna og veitta styrki er því 32%). Í styrktum verkefnum eru 351 nemendur skráðir til leiks í alls 1037 mannmánuði.

Verkefni sem styrkt eru á Norðurlandi eystra eru;

- *Hjólaleiðir í rafrænum heimi*. 900 þ.kr.styrkur fyrir 1 námsmann.
- *Kennsluelfni fyrir lestrargöngu*. 900 þ.kr. styrkur fyrir 2 námsmenn
- *Kófið tæklað - Rannsókn á bjargráðum ferðabjónustu*. 1,8m.kr. styrkur fyrir 2 námsmenn.
- *Birtingarmyndir hatursglæpa gegn íbúum af pólskum ættum*. 900 þ.kr. styrkur fyrir 1 námsmann.

ÚTHLUTUN ÚR SPROTASJÓÐI

Rúmlega 54 milljónum til 42 verkefna var á dögnum úthlutað úr Sprotasjóði en áherslusvið sjóðsins að þessu sinni eru lærdómssamfélög skóla annars vegar og drengir og lestur hinsvegar. Umsækjendur og verkefni þeirra sem fengu styrk fyrir samtals rúmlega 9 milljónir á Norðurlandi eystra eru:

- Leikskólinn lðavöllur: *Lærum saman- lærdómssamfélag í leikskóla* (1,1 m.kr.).
- Glerárskóli: *Strákar, lesum saman! - að efla læsi drengja út frá áhugahvöt þeirra* (2,9 m.kr.).
- Grunnskóli Fjallabyggðar: *Stærðfræðinám í lærdómssamfélagi* (1 m.kr.).
- Þelamerkurskóli: *Gullnáman - þverfaglegt læsi byggt á raunveruleikatengdum verkefnum* (850 þ.kr)
- Dalvíkurskóli: *Skólasamfélagið í Dalvíkurbyggð - Lærdómssamfélag* (2 m.kr.).
- Grunnskólinn á Þórshöfn: *Lærdómssamfélag í skólasamfélagi Langanesbyggðar* (1,5 m.kr.).

UMSÓKNARFRESTIR STYRKJA

- **Tónlistarsjóður:**
Opíð til 3.maí 2021
- **Rannsóknar- og þróunarverkefni búgreina**
Opíð til 3.maí 2021

Við minnum á að hægt er að **bóka ráðgjöf** hjá SSNE varðandi umsóknir á ssne@ssne.is

VELFERÐARTÆKNI

Áhersluverkefni ársins 2021 voru samþykkt þann 5. febrúar sl. á 21. stjórnarfund SSNE. Um er að ræða 11 mikilvæg og metnaðarfull verkefni sem meðal annars er ætlað er að fylgja eftir áherslum sem lagðar eru fram á þingum samtakanna. Verkefnunum er öllum ætlað að vera lokið í apríl 2022. Alls var 60,7 m.kr. úthlutað að þessu sinni, þar af var úthlutun til Velferðartæknimiðstöðvar 10 m.kr. Markmið verkefnisins er að safna saman þekkingu og miðla þekkingu í velferðar- og heilbrigðismálum til stofnanna og sveitarfélaga á starfssvæði SSNE.



Lögd er áhersla á nýsköpun í velferðartækni í Sóknaráætlun Norðurlands eystra, enda er nýsköpun og tækni lykilþættir í þróun velferðarþjónustu framtíðarinnar. Norðurland hefur sterka innviði og er út frá stærð og staðsetningu í góðri aðstöðu til að miðla af reynslu nýsköpunar- og þróunarverkefnum á sviði heilbrigðis- velferðartækni, fjarvinnslu og kennslu. Ávinningur af vel heppnaðri innleiðingu lausna í heilbrigðis- og velferðartækni á að stuðla að auknum lífsgæðum fyrir notendur, aðstandendur og starfsfólk, auk fjárhagslegs ávinnings fyrir bæði ríki og sveitarfélög. Við vonum að með stofnun velferðartæknimiðstöðvar í landshlutanum sé hægt að hrinda af stað vitundarvakningu, viðtæku samstarfi og innleiðingu á lausnum og vinnulagi á sviðiheilbrigðis- og velferðartækni sem verði til hagsbóta fyrir samfélagið í heild.

- Hilda Jana Gísladóttir, formaður stjórnar SSNE.

HEILBRIGÐIS – OG VELFERÐARKLASI

Unnið hefur verið að undirbúningi þessa klasa um nokkurt skeið og fyrirmyndin m.a. sótt til Sjávarklasans sem mikilli velgengni átt hefur að fagna. Hugmyndafræði klasa sem þessa byggist á því að skapa vettvang þar sem ólíkir hagsmunaaðilar koma saman og vinna sameiginlega að verkefnum. Í þessu tilfelli er verið að beina sjónum að heilbrigðis- og velferðarmálum og einnig horft til þessa nýta nýsköpun og tækninýjungar til að auka og bæta þjónustu í heilbrigðis- og velferðarmálum til hagsbóta fyrir samfélagið. Stefnt er einnig að samvinnu við önnur heilbrigðisumdæmi og þá er einnig hugmyndir uppi um aukna samvinnu á norðurslóðum í þessum málum. SSNE hefur þarna með framsýni stutt við málefni sem vonandi á eftir að vaxa og dafna.

27. apríl síðastliðin var haldin vinnustofa þar sem hagaðilar komu saman til að móta sameiginlega stefnu og sýn fyrir verkefnið. Rúmlega 40 manns sóttu fundinn sem lýsir góðum áhuga og mikil samhljómur og kraftur var í hópnum.

Næstu skref verða að stjórn Veltek-klasans vinnur í að móta starfseminu, hefja kynningu og undirbúa að ráða starfsfólk, samhliða því að ganga frá skráningum og staðfestingum á þátttöku í klasanum.

NÝSKÖPUNARVIKAN - MATARBOÐIÐ

SSNE og SSVN munu taka þátt í Nýsköpunarvikunni dagana 26. maí til 2. júní og verður dagskráin fjölbreytt og ætlað að endurspeglar frumkvöðlakraftinn og þá nýsköpun sem er í gangi á Norðurlandi. Í boði verða hádegisstreymi þar sem fyrirtæki í mismunandi atvinnugreinum segja frá nýsköpun hjá þeim, heimsóknir í frumkvöðlasetur í myndbandaformi, sérverkefni kynnt og fleira. Samstarf SSNE og SSVN er einnig gríðarlega spennandi og verður gaman að sjá dagskrána mótast.

Matarboðið er einn af þeim viðburðum sem verða í gangi alla dagana. Viðburðunum er ætlað að para saman matarfrumkvöðla við veitingaþjónustu og skapa einstaka matarupplifun fyrir gesti. Hér er verið að búa til vettvang fyrir frumkvöðla og veitingastaði til að vinna saman, kynna sig, starfsemi sína og vörur ásamt því að varpa ljósi á hversu fjölbreytt og margbreytilegt íslenskt frumkvöðlastarf er orðið. Hugmyndin að Matarboðinu felur í sér að bjóða veitingastað í samstarf við einn eða fleiri matarfrumkvöðla. Veitingastaðurinn kaupir vörur af þeim og nýtir hráefnið til að útbúa spennandi rétti; parar t.d. mat við íslenskt öl eða notar íslenskt hráefni á skemmtilegan og framandi hátt. Þannig verður til nokkurs konar nýsköpunarmatseðill.

Frekari upplýsingar varðandi Matarboðið má sjá [hér](#).

Til að fá frekari upplýsingar um Nýsköpunarvikuna má hafa samband við Silju, silja@ssne.is eða Elvu, elva@ssne.is

SSNE AUGLÝSIR EFTIR VERKEFNASTJÓRA

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, með stuðningi Bygðastofnunar, auglýsir eftir verkefnisstjóra í verkefnið „Betri Bakkafjörður“. Verkefnið er hluti af verkefnum „Brothættra byggða“ og er samstarfsverkefni Bygðastofnunar, SSNE og Langaneshbyggðar. Um 100% starf er að ræða.

Verkefnisstjóri í verkefnið „Betri Bakkafjörður“.



Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í verkefninu. Háskólamenntun er kostur.
- Haldbær reynsla af verkefnastjórnun.
- Góð almenn rit- og tölvufærni.
- Þekking, skilningur og reynsla af byggðamálum mikilvæg.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og færni í mannlegum samskiptum.

Helstu verkefni:

- Fylgja eftir ákvörðunum verkefnisstjórnar.
- Hafa frumkvæði að nýjum verkefnum á svæðinu.
- Miðlun upplýsinga og skýrslugerð til samstarfsaðila og íbúa.
- Íbúafundur og þátttaka í samfélagsverkefnum í sveitarfélaginu.
- Önnur verkefni í samstarfi við sveitarfélagið samkvæmt samkomulagi.
- Nánari upplýsingar um verkefnið Brothætta byggðir og verkefnið Betri Bakkafjörð má finna á heimasíðu Bygðastofnunar.

Verkefnið er tímabundið til loka árs 2023. Starfsstöð verkefnisstjóra er á Bakkafirði.

Nánari upplýsingar veitir Eypór Björnsson, eythor@ssne.is.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á sama netfang merkt „Betri Bakkafjörður“.

Umsóknarfrestur er til og með 5. maí 2021.

UPPTAKTURINN 2021



Valin hafa verið tíu verk til þátttöku í Upptaktinum 2021 á Akureyri. Yfir 20 verk bárust og höfðu fagmenn dómnefndar, sem skipuð var landsþekktum tónlistarmönnum því í nægu að snúast en umsóknarfrestur rann út þann 17.mars sl.

Upptakturinn, tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna, gefur ungu fólki tækifæri til að vinna að hugmyndum sínum með fulltingi listafólks. Markmið Upptaktsins er að stuðla að tónsköpun ungs fólks og hvetja börn og ungmenni að semja eigin tónlist og fullvinna hugmyndir sínar í vinnusmiðu og gefa þeim tækifæri að upplifa eigin tónlist í flutningu fagfólks við kjöraðstæður á tónleikum.

Afrakstur vinnunnar má sjá og heyra á tónleikum Upptaktsins í Menningarhúsinu Hofi sunnudaginn 9. maí næstkomandi. Upptakturinn er samstarfsverkefni Menningarhússins Hofa og Upptaktsins í Hörpu og er styrkt af SSNE.

NORÐURLÓÐARFUNDUR

„Málefni norðurslóða eru í forgangi í íslenskri utanríkisstefnu enda snerta þau hagsmuni Íslands með margvíslegum hætti“, segir Guðlaugur Þór.

Þann 21. apríl síðastliðin var skrifað undir samning um áhersluverkefni milli SSNE og Norðurslóðanets Íslands og af því tilefni bauð Akureyrarbær og SSNE utanríkisráðherra til fundar undir yfyrskriftinni Norðurland og norðurslóðir. Á fundinum voru til umræðu sérstök tækifæri Norðurlands á norðurslóðum, og endurskoðaða stefnu Íslands í Norðurslóðamálum og vinnu starfshóps um efnahagsþróun á norðurslóðum.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrar, opnaði fundinn og talaði um mikilvægi Akureyrar sem miðstöðvar norðurslóðarstarfs á Íslandi og Guðlaugur Þór Þórðason, utanríkisráðherra, sérstakur boðsgestur sagði á fundinum styðja heilshugar hlutverk Akureyrar sem miðstöð eða höfuðstöð norðurslóða á Íslandi og talaði um bjarta tíma framundan í málefnum norðurslóða.

Jón Þór Kristjánsson, verkefnastjóri upplýsingamiðlunar hjá Akureyrarstofu leiddi pallborðsumræður eftir ávörp, þar sem Hilda Jana Gísladóttir, formaður stjórnar SSNE og bæjarfulltrúi á Akureyri, Embla Eir Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurslóðanetsins, Eyþór Björnsson, framkvstj. SSNE og Hilda Jana Gísladóttir, formaður stjórnar SSNE og bæjarfulltrúi.

[Hér má lesa nánar um fundinn og verkefnið.](#)



Á myndinni frá vinstri eru Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrar, Guðlaugur Þór Þórðason, utanríkisráðherra, Embla Eir Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurslóðanetsins, Eyþór Björnsson, framkvstj. SSNE og Hilda Jana Gísladóttir, formaður stjórnar SSNE og bæjarfulltrúi.

VERKEFNIÐ RATSJÁIN FER FRAM ÚR VÆNTINGUM

Síðastliðinn þriðjudag hittist forsvarsfólk þeirra tólf ferðabjónustufyrirtækja sem tóku þátt í Ratsjánni á Norðausturlandi til að ljúka vel lukkaðri 16 vikna samvinnu í verkefninu. Sá hittingur var að frumkvæði þátttakenda og lýsir vel stemningunni sem náðist í hópnum. Vogafjós, Snowdogs og Sel-Hótel buðu öðrum þátttakendum í heimsókn og veðrið lék við hópinn.

„Ratsjain fór fram úr mínum væntingum“

Verkefnið var allt í netheimum þar sem þátttakendur tóku þátt í fundum sem haldnir voru þvert á landið aðra hverja viku með öflugum fyrirlesurum. Hina vikuna hittust þátttakendur í hverjum landshluta fyrir sig í samvinnu varðandi áskoranir og tækifæri sem snúa að þeim. Þeir fundir voru aðallega í hópavinnuformi og þóttu takast vel til.

Hrefna Laufey þátttakandi í Ratsjánni rekur gistiheimilið Ása inn í Eyjafjarðarsveit segir Ratsjanna hafa farið fram úr sínum væntingum. „Það er svo ótal margt sem nýtist mér í mínum rekstri. Ég er byrjuð að vinna í að laga heimasíðuna, eftir fyrirlestur og ábendingar frá þátttakendum. Ég hef styrkt tengslanetið og fengið viðurkenningu á því sem ég er að gera“, segir Hrefna. Hrefna minnst oftast á það tengslanet sem myndaðist og hún stefnir á formaðra samstarf við aðila sem tóku þátt. Ásdís sem rekur í samstarfi við manninn sinn, Yngva Ragnar, Sel-Hótel í Mývatnssveit tekur í sama streng og aðspurð út í Ratsjanna segir hún það vikka tengslanetið sem og auka sjóndeildarhringinn og getur skapað tækifæri á frekara samstarf við önnur fyrirtæki.



Rebekka, Silja og Elva, verkefnastjórnar SSNE stýrðu þeim hluta sem að landshlutasamtökunum stóð og telja þetta samstarf komið til að vera. Verkefninu var listilega stýrt af RATA og Íslenska ferðaklasanum í samstarfi við landshlutasamtökin. Nánar má lesa um Ratsjanna á [heimasíðu SSNE](#).

Á myndinni til hægri má sjá Þórð frá AB vefum leika við hundana hjá Snowdogs og á vinstri mynd er saddir þátttakendur í Vogafjösi þar sem vel var gert við fólk í mat og drykk.



HACKING NORÐURLAND

Lausnamótið Hacking Norðurland fór fram dagana 15.-18. apríl þar sem unnið var með sjálfbæra nýtingu auðlinda Norðurlands út frá orku, vatni og mat. Hacking Norðurland er samstarfsverkefni Hacking Hekla, Eims, Nordic Food in Tourism, SSNE, SSNV og Nýsköpun í norðri. Lausnamótið hófst á föstudegi klukkan fimm og stóð í 48 tíma en það fór fram á netinu í gegnum samsköpunarlausnina Hugmyndaþorp sem þróuð er af sprotafyrirtækinu Austan mána í samstarfi við Hacking Hekla. Þátttaka var því ekki háð staðsetningu.

Tæplega 70 þátttakendur skráðu sig til leiks og sjö þátttakendur kynntu verkefni sín fyrir dómnefnd. Um helmingur þátttakenda voru af Norðurlandi og þarf af átta búsettir á Norðurlandi vestra. Alls komu um 50 manns að lausnamótinu á einn eða annan hátt sem fyrirlesarar, mentorar eða dómara.

Þær Guðríður Baldvinsdóttir, Salbjörg Matthíasdóttir og Berglind Ýr Ingvarsdóttir lentu í fyrsta sæti með verkefnið Grænlab - Keldhverfskt kjöt af algrönu landi lenti í fyrsta sætið. Verkefnið snýr að verðmætasköpun sauðfjárafurða með vottun um að fé gangi á vel grönu og sjálfbæru landi.

[Hér má lesa nánar um verkefnið.](#)

Upptökur af vefstofu, fyrirlestur, kynningum og verðlaunaafhendingunni ásamt frekari upplýsingum er að finna á heimasíðu SSNE.



Hluti teymisins sem skipulagði lausnamótið. Neðri röð frá vinstri, Svava frá Hacking Hekla, Sesselja frá Eim, Magdalena frá Hacking Hekla og efri röð frá vinstri, Arnar sem hannar Hugmyndaþorp, Kolfinna frá SSNV og Silja frá SSNE. Á myndina vantar Elvu frá SSNE, Svein frá Nýsköpun í norðri og Ottó og Gunnar frá Eim.

STUÐNINGSUMHVERFIÐ Á ENSKU

Starfsfólk SSNE hélt á dögnum fyrirlestur um stofnun fyrirtækja, stuðningsumhverfi frumkvöðla og fjármögnunarmöguleika sem var hluti af námskeiði á vegum Símy sem heitir Íslensk menning og samfélag en þetta er í fyrsta skipti sem þetta námskeið er haldið með þessum hætti.

Mikilvægt er að ná til innflytjenda á Íslandi og þeirra sem vilja fara af stað með sínar eigin hugmyndir enda reynsla og þekking þeirra góð viðbót við það sem nú þegar er hér á landi.

Von er að innflytjendur kynnist stoðkerfinu og sjái að það er hægt að fá aðstoð með nýjar hugmyndir og viðskiptaþróun.

Þátttakendur heimsóttu Húsavík og voru tíu talsins, þá má sjá á myndinni hér til hægri. Ánægja var á báða bóga með samstarfið og er starfsfólk SSNE reynslunni ríkara.



SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Það er óhætt að segja að apríl hafi verið mánuður samningagerðar og undirritana. Samingur á milli SSNE og SSNV annars vegar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hins vegar um stofnun áfangastaðastofu hefur verið í undirbúningi um nokkurra mánaða skeið og að baki þeim samningi liggja margir fundir og umtalsverð vinna. Í byrjun apríl náðist góð sátt um breytingartillögur sem SSNE gerðu kröfu um og samningur var loks tilbúinn. 7. apríl var samningurinn undirritaður rafrænt af framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna og ráðherra ferðamála, Þórdísi Kolbrúnu Reyk fjörð Gylfadóttur. Samningurinn var gerður við landshlutasamtökin tvö á Norðurlandi þar sem fyrir liggur að þau munu stofna sameiginlega áfangastaðastofu og fela Markaðsstofu Norðurlands það hlutverk en sem kunnugt er hefur samstarf verið þar á milli um árabíl.

SSNE og SSNV undirrituðu svo samning við Markaðsstofu Norðurlands 27. apríl og fólu MN þar með rekstur og starfsemi Áfangastaðastofu Norðurlands. Meðal hlutverka eru gerð áfangastaðáætlana, að koma að gerð stefnumótunar í ferðaþjónustu, þarfagreining rannsókna, vörupróun og nýsköpun, mat á fræðsluþörf auk þess að sinna svæðisbundinni markaðssetningu og vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutunum. Sú formbreyting verður að landshlutasamtökin munu hvor um sig skipa einn fulltrúa í stjórn MN og einn til vara.

Árþing SSNE var haldið 16. og 17. apríl en það er annað árþing samtakanna en auk árþings er kveðið á um tvö aukþing sem haldin skulu eigi síðar en 30. september og 30. desember ár hvert. Efni árþings voru fjölbreytt en fjallað er nánar um árþingið í fréttabréfinu og á heimasíðu SSNE.

Við höfum unnið þétt með Byggðastofnun og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu að endurskoðun byggðaaætlunar. Nú er unnið að gerð hvítbókar, þ.e. áætluninni sjálfri. Það er tilefni til að hrósa ráðuneytinu og Byggðastofnun fyrir virkilega gott samráð og samstarf á þessum vettvangi sem leiða mun til betri byggðaaætlunar.

SSNE var með starfsdag 26. apríl þar sem við fórum yfir mál eins og hvernig meta má árangur af sóknaráætlun. Árangursmat er gríðarlega mikilvægt í margvíslegu tilliti, eitt er að sýna fram á að áætlunin sé að skila árangri en ekki síður mun árangursmat draga það fram hvar við þurfum að bæta í til að ná árangri og markmiðum sóknaráætlunar. Við fórum einnig yfir tímaskráningarkerfi sem við erum að innleiða til að halda utan um þau helstu verkefni sem unnin eru. Okkur ber að standa skil á tímafjölda í atvinnuráðgjöf, flokkað niður í helstu flokka, gagnvart Byggðastofnun en einnig er mikilvægt að hafa tímaskráningu aðgengilega með einföldum hætti til að geta kostnaðarmetið einstök verkefni og metið umfang þeirra. Við munum að hefja markvissa skráningu í nýja kerfið í júní.

Það er orðinn jafn og góður taktur í starfseminni hjá okkur og sameining félaganna þriggja sem SSNE byggir á hefur heppnast mjög vel. Það má m.a. þakka sterku baklandi sem við höfum í stjórn samtakanna sem styður dyggilega við okkur og frábært samstarf við sveitarstjórnarfólk og aðra hagaðila á svæðinu er okkur ekki síður hvatning til góðra verka.

Með kærri kveðju,
Eypór Björnsson



Á myndinni frá vinstri eru Unnur Valborg Hilmarsdóttir, SSNV, Arnheiður Jóhannsdóttir, Markaðsstofu Norðurlands og Eypór Björnsson, SSNE við undirritun samningsins

Viðverutímar starfsmanna

Húsavík - Baldvin og Ari Páll eru þar mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00 en til kl. 14.00 á föstudögum í kjölfar stytingu vinnuvikunnar sem tók gildi 1.janúar 2021. Silja er við á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum en skiptir nú tíma sínum á milli Húsavíkur og **Skútustaðahrepps** þar sem hún er annan miðvikudag og fimmtudag í hverjum mánuði. Eypór er á Húsavík tvo daga í viku þegar Covid leyfir. Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er nokkuð breytilegt eftir dagskrá hvernar viku.

Ákureyri - Elva, Rebekka, Helga María og Vigdís eru þar mán-fim á milli klukkan 9:00 og 15:00 og fös til kl. 14:00.

Bakkafjörður - Ólafur Áki er með starfsstöð á Bakkafirði en viðvera er breytileg.

Raufarhöfn - Nanna Steina er við mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna [hér](#).